



GJALDSKRÁ
um stöðuleyfi í Langanesbyggð

1. gr.

Allir sem eru með gáma, báta, torgsöluhús, frístundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings, eða stór samkomutjöld skulu sækja um stöðuleyfi til byggingarfulltrúa ef framangreindir lausafjármunir eiga að standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem þeim er ætlað samkvæmt skipulagi, sbr. b. liður 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Með skipulögð svæði er átt við ef svæðið hefur verið deiliskipulagt í þeim tilgangi að vera gámasvæði. Umsóknnum skal skilað til skrifstofu á þar til gert eyðublað.

2. gr.

Gjald vegna stöðuleyfis, skv. 1. gr. skal vera kr. 30.000. Gjaldið er til eins árs í senn og gildir frá þeim degi að sótt er um og greitt er fyrir stöðuleyfi.

3. gr.

Sé eiganda eða ábyrgðarmanni viðkomandi gáms eða annars lausafjármunar veitt stöðuleyfi eða viðkomandi hlutur staðsettur utan skipulags svæðis skal staðsetja hann þannig að almenningi stafi ekki hættu af, ekki sé hættu á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi hús og gámar takmarki ekki fjölda bílastæða á lóðinni. Enn fremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum sé ekki torvelað sbr. 3. mgr. 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

4. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að fjarlægja þá lausafjármuni sem getið er í 2. gr. og eru án stöðuleyfis. Eiganda eða ábyrgðarmanni skal veittur eðlilegur frestur til að fjarlægja þá, þó aldrei lengri en einn mánuður, að öðrum kosti er það gert á kostnað eiganda eða ábyrgðarmanns. Sama á við að breyttu breytanda ef handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki kröfur stöðuleyfis, sbr. 2.6.2. gr. reglugerðar nr. 112/2012, sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

5. gr.

Fyrirtæki sem eru í gámaflutningum tilkynni byggingarfulltrúa fjölda gáma sem ekki á að greiða fyrir vegna flutninga.

6. gr.

Þegar sótt er um stöðuleyfi á fjöleignarhúsalóð, skal liggja fyrir samþykki meðeigenda fyrir fjölda og staðsetningu á gámum. Ekki er hægt að staðsetja gáma við lóðarmörk nema með samþykki aðliggjandi lóðarhafa.

7. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til byggingarreglugerðar nr. 112/2012, með síðari breytingum, og 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, með síðari breytingum.

Ákv. til bráðabirgða: Umsóknir um stöðuleyfi sem afgreiddar eru fyrir samþykkt þessarar samþykktar skulu undanþegnar gjaldi þessu.

Samþykkt þessi tekur gildi frá og með 1. maí 2018.

Samþykkt í sveitarstjórn 8. mars 2018.